

Ed.

494. Frumvarp til laga

[203. mál]

um tryggingardeild útflutningslána við Ríkisábyrgðasjóð.

(Lagt fyrir Alþingi á 90. löggjafarþingi. 1969—70.)

1. gr.

Stofna skal deild við Ríkisábyrgðasjóð, er nefnist tryggingardeild útflutningslána.

2. gr.

Hlutverk tryggingardeildar er að taka að sér að tryggja lán, sem bankar eða aðrar lánastofnanir veita innlendum útflytjendum til fjármögnunar á útflutningslánum, sem þeir veita eða útvega erlendum kaupendum.

Enn fremur er tryggingardeild heimilt að tryggja aðrar kröfur íslenskra útflytjenda á hendur erlendum kaupendum, enda hafi þær orðið til vegna útflutnings á íslenskum vörum.

3. gr.

Hámark skuldbindinga deildarinnar á hverjum tíma vegna trygginga á útflutningslánum eða öðrum kröfum má nema samtals 250 millj. króna, eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

4. gr.

Umsóknir um tryggingu á útflutningslánum skulu lagðar fyrir fjögurra manna nefnd, sem tekur afstöðu til umsóknanna auk þess sem hún ákveður, með hvaða kjörum tryggt er hverju sinni. Í nefndinni eiga sæti fulltrúar fjármálaráðuneytis, viðskiptaráðuneytis, iðnaðarráðuneytis og Seðlabanka Íslands fyrir hönd Ríkisábyrgðasjóðs.

Nefndin ákveður iðgjöld af einstökum tryggingum eftir taxa, sem ákveðinn er skv. 6. gr. Einnig úrskurðar hún um tjónabætur, en skjóta má þeim úrskurði til fjármálaráðherra.

5. gr.

Tryggingardeildin tryggir gegn áhættu, sem getur verið viðskiptalegs eða stjórnmálalegs eðlis. Í reglugerð skal setja nánari ákvæði um efni og eðli þeirra áhættuflokka, sem um getur verið að ræða.

6. gr.

Fjármálaráðherra ákveður iðgjaldtaxta tryggingardeildar. Iðgjöld skulu við það miðuð, að þau standi straum af kostnaði deildarinnar og greiðslu tjónabóta.

Tekjuafgangur leggst í sérstakan varasjóð deildarinnar og skal honum varið til greiðslu tjóna, sem kunna að verða. Nú er eigi fé fyrir hendi í varasjóði til greiðslu tjónsbóta, og skal þá það, sem á vantar, greiðast úr Ríkisábyrgðasjóði.

7. gr.

Fjármálaráðherra skal, að fenginni umsögn aðila þeirra, sem nefndir eru í 4. gr., setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ástæða er til að ætla, að aðild Íslands að Fríverzlunarsamtökum Evrópu muni hafa örvandi áhrif á útflutning íslenskrar framleiðslu. Útflutningur með greiðslu-

fresti mun því væntanlega fara vaxandi, en honum fylgir alltaf einhver áhætta, t. d. að kaupandi verði gjaldþrota eða geti af einhverjum öðrum ástæðum ekki uppfyllt skuldbindingar sínar. Lántökumöguleikar útflytjenda til fjármögnunar á útflutningslánum batna því, ef þeir, eða lánardrottinn þeirra (bankar eða aðrar lánastofnanir) geta tryggt slík lán hjá stofnun, sem þannig þjónustu veitir.

Með frumvarpi þessu leggur ríkisstjórnin til að stofnuð verði tryggingardeild útflutningslána við Ríkisábyrgðasjóð. Tryggingardeildin ábyrgist lán, sem bankar eða aðrar lánastofnanir veita innlendum útflytjendum til fjármögnunar á útflutningslánum. Enn fremur er heimilt að tryggja útflytjendur íslenzkrar framleiðslu gegn tapi á kröfum á hendur erlendum kaupendum. Þar sem tryggingardeildin tryggir ekki allt útflutningslánið vegna ákveðins útflutnings, ber útflytjandi og/eða viðskiptabanki hans hluta af áhættunni eftir sem áður.

Samtímis frumvarpi þessu er lagt fram frumvarp til laga um útflutningslána-sjóð. Útflutningslána-sjóður mun fjármagna útflutningslán, sem veitt eru vegna sölu meiri háttar fjárfestingarvara, gegn hæfilegri tryggingu, t. d. hjá tryggingardeildinni. Slíkt útflutningslánakerfi með samspili sjóðs og tryggingardeildar mun væntanlega styrkja verulega samkeppnisaðstöðu íslenzkra útflytjenda á erlendum mörkuðum.

Að öðru leyti vísast hér til tillagna Seðlabanka Íslands um útflutningslán og ábyrgðir, sem prentað er sem fylgiskjal með frumvarpi til laga um útflutningslána-sjóð, sem lagt hefur verið fyrir Alþingi.

Um 1. gr.

Þarfnast ekki sérstakra skýringa, en vísað er í almennar athugasemdir hér að framan og fylgiskjal frumvarpsins.

Um 2. gr.

Hér er gerð grein fyrir aðalhlutverkum tryggingardeildar. Tryggja má lán, sem bankar eða aðrar lánastofnanir hafa veitt útflytjendum til fjármögnunar á útflutningi seldum með greiðslufresti.

Enn fremur er heimilt að tryggja íslenzka útflytjendur gegn tapi á kröfum á hendur erlendum kaupendum þeirra, enda hafi kröfurnar orðið til vegna útflutnings á innlendum vörum.

Einkum munu tryggð útflutningslán, sem veitt verða vegna útflutnings innlendrar vöru eða þjónustu, svo og til að koma upp birgðum erlendis.

Trygging sú, sem tryggingardeildin veitir, er hlutfallsleg hámarkstrygging, og er þá átt við það hámarkshlutfall, sem tryggja má af hverju einstöku láni. Nánari ákvæði um þessi atriði verða sett í reglugerð.

Um 3. gr.

Hámarksheimild deildarinnar þykir í upphafi hæfilega ákveðin 250 millj. króna. Heimildin er hámarksheimild og endurnýjast að sjálfsögðu eftir því sem skuldbindingar falla niður.

Um 4. gr.

Í reglugerð er ætlað til, að sett verði nánari ákvæði um ýmis þau atriði, sem greinin fjallar um.

Um 5. gr.

Með viðskiptalegri áhættu er einkum átt við eftirfarandi:

- a) Hinn erlendi skuldari, þ. e. aðalskuldari eða erlendir ábyrgðaraðili (banki), verður gjaldþrota eða stendur ekki í skilum með sammingsbundnar greiðslur,
- b) hann innir ekki greiðslu af hendi innan 6 mánaða frá gjalddaga,

- c) fyrir liggur óréttlæt看leg neitun skuldara að taka á móti vörunni,
- d) vanefndir á gerðum samningum.

Með stjórnmalalegri áhættu er einkum átt við eftirfarandi:

Stjórnmalaleg viðhorf í heimalandi skuldara, t. d. hömlur á innflutningi og yfirfærslu gjaldeyris, stríð, uppreisn, byltingu, náttúruhamfarir, almenna frestun á greiðslu erlendra lána (moratorium) og eignarnám.

Er eðlilegt, að í reglugerð verði fjallað nánar um þau atriði, sem greinin fjallar um eftir því sem þurfa þykir.

Um 6. gr.

Til þess er ætlazt, að deildin standi undir rekstrarkostnaði og áfallandi ábyrgðum, af eigin tekjum.

Í annarri mgr. er það áréttað, að Ríkisábyrgðasjóður, f. h. ríkissjóðs, ábyrgist allar skuldbindingar tryggingardeildar útflutningslána, ef eigin tekjur ekki hrökkva til.

Um 7. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 8. gr.

Þarfnast ekki skýringa.